



## Fundur háskólaráðs 12. mars 2001

### Fundargerð

Málsnúmer: HI01010071

Málalýklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jörunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 01.03.2001 10:23:49

Dags: 12.03.2001

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)

v/Suðurgötu

101 Reykjavík

Sími: 525 4000

Fax: 552 1331

3/2001

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2001, mánudaginn 12. mars var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

### 1. Bókuð erindi

- 1.1 Lögð fram kennsluskrá meistara- og doktorsnáms háskólaárið 2001 – 2002, sem gefin hefur verið út í fyrsta sinn.
- 1.2 Lagt fram bréf frá Róbert H. Haraldssyni, formanni Félags háskólakennara, þar sem stjórn Félags háskólakennara óskar eftir því að framlengja til eins árs ákvörðun félagsfundar 13. apríl 2000 um að nota samræmdar matsreglur H.Í. (grunnmatsreglur) til greiðslu vegna rannsókna úr vinnumatssjóði. Samþykkt.

### 2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 2.1 Lagðar voru fram reglur um Guðfræðistofnun, Hagfræðistofnun, Lagastofnun og Viskiptafræðistofnun.

### 3. Mál á dagskrá

- 3.1 Fjöldatakmörkanir í hjúkrunarfræðideild.  
Hjúkrunarfræði: 65 nemendur fá heimild til áframhaldandi náms að loknum samkeppnisprófum að hausti.  
Ljóssmóðurfræði: 10 nemendur fá heimild til að hefja nám haustið 2001.  
Samþykkt einróma.
- 3.2 Nám í fornleifafraði.  
Fyrir fundinum lá álit starfshóps um nám í fornleifafraði við Háskóla Íslands og samantekt á umsögnum um álit. Samþykkt einróma að vísa málinu til umsagnar fjármálanefndar.
- 3.3 Framkvæmdaáætlun 2001 – 2002.  
Samþykkt einróma.

### 4. Önnur mál

- 4.1 Viðræður um kjaramál milli Félags háskólakennara og samninganefndar ríkisins.  
Rektor greindi frá stöðu viðræðnanna. Einnig var lagt fram bréf frá Félagi prófessora, dags. 12. mars 2001, þar sem fram kemur stuðningur við launakröfur Félags háskólakennara. Málið var rætt.
- 4.2 Nám í arkitektúr við Háskóla Íslands.  
Rektor greindi frá stöðu málsins og viðræðum við forsvarsmenn Listaháskóla Íslands um mögulegt samstarf um nám í arkitektúr. Málið var rætt.
- 4.3 Rektor gerði grein fyrir vinnu við samstarfssamning Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss um uppbyggingu háskólasjúkrahúss, kennslu og rannsóknir. Málið var rætt.
- 4.4 Húsnæðis- og skipulagsmál Háskólans.  
Fram var lagt minnisblað rektors um húsnæðismál, dags. 12. mars 2001, og minnispunktar vegna háskólatorgs og húsnæðismála sem Stefán Ólafsson tók saman. Málið var rætt ítarlega. Stefán Ólafsson lagði fram eftirfarandi tillögu:

“Háskólaráð samþykkir að fela rektor að leita allra leiða til að:

1. Fjármagna lokaáfangna Náttúrufræðahúss sem fyrst.
2. Hraða undirbúningi að gerð fjölnota byggingar (Háskólatorgs) til að leysa bráðan húsnæðisvanda skólans.
3. Kanna möguleika á að reisa vísindagarða fyrir þekkingar- og hátæknifyrirtæki á suð-austur svæði háskólalóðar, í samvinnu við einkaaðila, ríki og borg.”

Samþykkt einróma

Fleira var ekki gert  
Fundu slitið kl. 15:55